



# HRUNAMANNAREPPUR

## 4. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2026 – 2030

### 12. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 6. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnar L. Jónsson, Daði Geir Samúelsson og Rakel Ósk Kristófersdóttir.

Auk þess sat fundinn, Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður nr. 16, Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Lindavirkjun og stofnlögn að Flúðum. Tillagan samþykkt samhljóða og þar með breytist tölusetning annarra liða fundarins til samræmis.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

##### **1. Afréttarmálanefnd: Fundargerð 2. fundar frá 28. júlí 2026.**

Lögð fram fundargerð 2. fundar Afréttarmálanefndar.

*Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur nefndarmanna af mögulegum áformum um að refaveiðum verði hætt. Ljóst er að refir eru skaðlegir bæði fuglum og fleiri dýrategundum og því mikilvægt að refastofninum sé haldið í jafnvægi eins gert hefur verið með veiðum undanfarna áratugi. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

##### **2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 23. júlí 2026**

Lögð fram fundargerð 1. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

##### **3. Fundargerð 329. fundar skipulagsnefndar frá 8. júlí 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. júní sl. og 1. júlí sl.**

Lögð fram fundargerð 329. fundar skipulagsnefndar frá 8. júlí 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. júní og 1. júlí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

##### **Mál nr. 21. Birtingaholt 3: Birtingaholt 3 Bragginn; Breytt og staðfest staðföng lóða og stofnun lóðar.**

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 28.05.2026, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024 er varðar stofnun nýrrar lóðar. Merkjalýsing þessi er í nokkrum liðum.

Óskað er eftir að Birtingaholt 3, L174000, fái staðfangið Birtingaholt 3, Óðal, einnig er óskað eftir afmörkun lóðarinnar.

Handwritten signatures: RB, DAS, Rk, and others.

Óskað er eftir að Birtingaholt 3, lóð L166868, fái staðfangið Birtingaholt 3 lóð Litla Ásgerði, einnig er óskað eftir afmörkun lóðarinnar.

Óskað er eftir að stofna lóðina Birtingaholt 3, Móinn, stærð 13137,8 m<sup>2</sup>, úr jörðinni Birtingaholt 3 L166727.

Óskað er eftir að stofna lóðina Birtingaholt 3 Bragginn, stærð 10.561,4 m<sup>2</sup>, úr Birtingaholti 3 L166727 og úr Birtingaholti 1 L166725.

Óskað er eftir staðfestingu landamerkja milli Birtingaholts 3, L166727 og Birtingaholts 1, L166725.

Óskað er eftir breytingu á eignarhaldi (makaskipti) hjá landeigendum Birtingaholts 1 L166725 annars vegar og Birtingaholts 3 L166727 hins vegar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við; breytingu á staðföngum, afmörkun lóða, stofnun lóðarinnar, staðfestingu á landamerkjum og breytingu á eignarhaldi (makaskiptum) skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps geri ekki athugasemdir við erindið.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar né við breytingu á staðföngum, afmörkun lóða, stofnun lóðarinnar, staðfestingu á landamerkjum og breytingu á eignarhaldi (makaskiptum) skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir erindið.*

**Mál nr. 22. Syðra-Langholt: Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar, eftir kynningu, sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og deiliskipulagi. Í breytingunni felst stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (efnistökusvæði E31) úr 0,9 ha í 1,3 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m<sup>3</sup> í stað 45.000 m<sup>3</sup>. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og samgöngumati.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Syðra-Langholts L172619 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Syðra-Langholts í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar.*

**Mál nr. 23. Silfurtún: Skilgreining svæðis; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Silfurtúns L166897 í Hrunamannahrepp. Í breytingunni felst að byggð verði lágreist íbúðarbyggð á landi Silfurtúns þar sem nú er garðyrkjustöð en sú starfsemi er víkjandi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 29. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. júní sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. júní sl.

DAS  
Rk  
RLJ

**Mál nr. 30. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí sl.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí sl.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

4. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 256. fundar frá 27. júlí. –Ásamt ársskýrslu 2025 og starfsskýrslu.**

Lögð fram fundargerð 256. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársskýrslu og starfsskýrslu.

*Fundargerðin ásamt ársskýrslu og starfsskýrslu lögð fram til kynningar.*

5. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.: 37. aukaaðalfundur frá 29. júní 2026.**

Lögð fram fundargerð 37. aukaaðalfundar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

6. **Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.: Aukaaðalfundur frá 29. júní 2026.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Héraðsskjalasafns Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Tónlistarskóli Árnesinga bs.: Aukaaðalfundur frá 29. júní 2026.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

8. **Listasafn Árnesinga bs.: Aukaaðalfundur frá 29. júní 2026.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Listasafns Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

9. **Byggðasafn Árnesinga bs.: Aukaaðalfundur frá 29. júní 2026.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Byggðasafns Árnesinga bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

10. **Brunavarnir Árnessýslu bs.: Aukaaðalfundur frá 29. júní 2026.**

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Brunavarna Árnessýslu bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

11. **Drög að erindisbréfi Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps.**

Lögð fram drög að erindisbréfi Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingu á erindisbréf Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps. Í framhaldi af þessum breytingum er Sigurður Sigurjónsson skipaður í nefndina. Varamaður verði Elvar Harðarson.*

12. **Tillögur að starfsreglum og breytingum á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. – til síðari umræðu.**

Lagðar fram til síðari umræðu tillögur að starfsreglum SVÁ og breytingar á stofnsamningi.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þær breytingar sem hér eru lagðar til.*

DGS  
RK  
RLJ

**13. Niðurstöður úr fýsileikakönnun um samþættan sérakstur og almenningssamgöngur í Árnessýslu.**

Lagðar fram niðurstöður úr fýsileikakönnun um samþættan sérakstur og almenningssamgöngur í Árnessýslu þar sem teknar voru saman upplýsingar um sérakstur, svo sem frístundaakstur og aðra akstursþjónustu sveitarfélaga, ásamt greiningu á leiðarkerfi almenningssamgangna og niðurstöðum íbúakönnunar.

*Lagt fram til kynningar en oddvita og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir á fundum um almenningssamgöngur sem fyrirhugaðir eru á næstunni.*

**14. Bréf frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 27. júlí 2026 – ásamt fylgigögnum.**

Lagt fram bréf frá Heilbrigðisnefnd Suðurlands með bókun Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 27. júlí 2026 ásamt fylgigögnum.

*Lagt fram til kynningar en sveitarstjórn telur rétt að framlagðar tillögur verði ýtarlega ræddar á fundi forsvarsmanna sveitarfélaga á Suðurlandi áður en tillögur verða mótaðar um málið fyrir aðalfund.*

**15. Minnisblað varðandi frágang við inngang í Lækjargarðinn.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra þar sem lagðar eru fram tillögur varðandi frágang við inngang í Lækjargarðinn.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögurnar samhljóða og felur sveitarstjóra að ganga frá samkomulagi við lóðarhafa og fylgja eftir að ráðist verði í þær framkvæmdir sem þarna eru tíundaðar.*

**16. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Lindavirkjun og stofnlögn að Flúðum.**

Erindið var á dagskrá fundar sveitarstjórnar þann 4. júní og þá frestað þar sem beðið var niðurstöðu um matsskyldu framkvæmdarinn. Hún liggur nú fyrir og niðurstaðan er sú að framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita framkvæmdaleyfi fyrir Lindavirkjun og stofnlögn að Flúðum.A*

**17. Úthlutun lóða.**

Fyrir fundinum liggja 6 umsóknir um lóðina Birkihlíð 9. Dregið var um lóðina.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Ara Hermann Oddssyni, kt. 220175-4569 til vara Hákon Árni Árnason, kt. 280890-2949 lóðinni Birkihlíð 9 enda uppfylla umsækjendur skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.*

**18. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

*Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 20. ágúst n.k. kl. 14:00.*

**Flárhagsleg málefni:**

**19. Tilboð vegna uppsetningar á reyksogskerfi fyrir íþróttahúsið á Flúðum.**

Lögð fram kostnaðaráætlun vegna uppsetningar á reyksogskerfi fyrir íþróttahúsið á Flúðum.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tilboð í uppsetningu á reyksogskerfi í íþróttahúsið enda mun það spara umtalsverðar fjárhæðir þegar til lengri tíma er litið í viðhaldi reykskynjara.*

DGS  
RK  
RLJ  
BL  
4

**Mál til kynningar:**

**20. Hitaveita Grafarhverfis: Fundargerð aðalfundar ásamt skýrslu stjórnar og breytingum á samþykktum.**

*Lagt fram til kynningar.*

**21. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aukaaðalfundar ásamt samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga**

*Lagt fram til kynningar.*

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:53.*

*Dæti Geir Samúelsson*

*Rakel Ösk Kristófersdóttir*

*Bjarnur Vignisdóttir*

*BR*

*Ragnor Lúdvík Jónsson*

*Alfríður Halldórsdóttir*